

Ed.

312. Frumvarp til laga

[189. mál]

um breyting á lyfsölulögum, nr. 30 29. apríl 1963.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

Við 55. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef sérstakar ástæður mæla með því, getur ráðherra, að fengnum tillögum landlæknis og lyfjaskrárnefndar, takmarkað skráningu sérlyfs við notkun á tilteknum spítaladeildum eða undir umsjá slíkra deilda. Lyf, sem svo eru skráð, má einungis auglýsa eða kynna fyrir þeim, sem leyfin mega nota samkvæmt framansögðu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nokkrir framleiðendur sérlyfja svo og sérfræðingar í ýmsum greinum læknisfræði hafa á undanförunum árum itrekað óskað eftir, að tiltekin lyf yrðu því aðeins skráð á sérlyfjaskrá, að notkun þeirra væri bundin við sérstakar spítala deildir eða lækningastöðvar, þar sem tryggt væri, að einungis sérfræðingar fjölluðu um notkun þeirra.

Þess háttar takmörkun á skráningu sérlyfja hefur tíðkapt allengi á Norðurlöndum, t. d. í Danmörku.

Fylgiskjal I.

LYFJASKRÁRNEFND

Reykjavík, 18.12. 1970.

Með tilvisun til bréfs nefndarinnar, dagsett 20.11. 1970, og bréfs ráðuneytisins, dagsett 24.11. 1970, leyfir lyfjaskrárnefnd sér að setja fram hjálagða tillögu um breytingu á 55. gr. lyfsölulaga ásamt greinargerð.

F. h. lyfjaskrárnefndar,

Þorkell Jóhannesson.

Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins,
Laugavegi 172,
Reykjavík.

Fylgiskjal II.

LANDLÆKNIR

Reykjavík, 4. janúar 1971.

Ráðuneytið hefur sent mér til umsagnar ljósrít af bréfi lyfjaskrárnefndar, dags. 18. des. f. á., þar sem nefndin gerir tillögu um breytingu á 55. gr. lyfsölulaga, sbr. fylgiskjal með bréfinu.

Ég leyfi mér að mæla með breytingartillögu lyfjaskrárnefndar.

Benedikt Tómasson.
settur.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti,
R.